



252. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi, Rangárþingi Ytra, fimmtudaginn 19. janúar 2017 kl. 13:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níeldóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, Börkur Brynjarsson, Tæknisviði uppsveita, og Nanna Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- 1. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturhorninu, endurskoðun**
Lagt var fram minnisblað Mannvits til Sorpu f.h. sorpsamlaganna á Suðvesturlandi. Kostnaður Sorpstöðvar Suðurlands er áætlaður um 430 þús. kr. og er áætlað að vinnunni ljúki árið 2019.
- 2. Samningur við Sorpu um móttöku úrgangs, skilyrði framlengingar á samningi**
Lögð var fram bókun stjórnar Sorpu, þar sem samþykkt var framlenging til 3ja mánaða, með áherslu á að að þeim tíma liðnum liggi fyrir tímasett áætlun SOS um framhald á samstarfi, þ.m.t. möguleikar á urðunarstað í landi Ölfuss. Stjórn SOS felur formanni stjórnar, í samráði við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing, að vinna tímasetta áætlun. Stjórn samþykkir að kanna hvaða möguleikar eru á að semja við aðra aðila um móttöku sorps, fari svo að ekki fáiast frekari framlenging á samningi SOS við Sorpu.
- 3. Ásahreppur, staða úrgangsmála í sveitarfélaginu**
Nanna Jónsdóttir og Börkur Brynjarsson fóru yfir stöðu mála.
- 4. Greining á úrgangsmálum á starfssvæði SOS**
Stefán Gíslason fór yfir stöðuna á þeirri vinnu sem hann er í. Áfangaskýrsla verður vætanleg tilbúin í byrjun febrúar.
- 5. Önnur mál**
Næsti fundur verður haldinn í Hveragerði, fimmtudaginn 16. febrúar n.k. kl. 13.

Fundi slitið kl. 15:00.